

141. löggjafarþing 2012–2013.  
Þingskjal 1209 — 220. mál.  
3. umræða.

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um neytendalán.

Frá Eygló Harðardóttur, Lilju Mósesdóttur og Margréti Tryggvadóttur.

1. Við 1. mgr. 36. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó öðlast 37. gr. þegar gildi.
2. Við bætist ný grein sem orðist svo ásamt fyrirsögn:

*Breyting á lögum um neytendalán, nr. 121/1994, með síðari breytingum.*

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Nú er ágreiningur milli lánveitanda og neytanda er varðar lögmæti verðtryggingar í lánsamningi þeirra í milli. Hyggist annar hvor aðilanna höfða mál vegna slíks ágreinings getur hann óskað eftir því að málið sæti flýtimeðferð eftir ákvæðum XIX. kafla laga um meðferð einkamála. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. september 2013.

### Greinargerð.

Lagt er til að neytendum verði gert kleift að óska flýtimeðferðar hjá dómstólum vegna ágreinings um lögmæti verðtryggingar.

